

Skólastefna Ásahrepps og Rangárþings ytra

(drög ~~febrúar-2012~~2014)

Inngangur

Í skólastefnu þessari er leitast við að setja fram á skýran hátt markmið sveitarfélaganna Ásahrepps og Rangárþings ytra (hér eftir nefnd sveitarfélögin) í skólamálum. Leitast er við að setja fram raunhæfar leiðir til þess að uppfylla þau og skerpa á áherslum og forgangsröðun í málaflokknum.

Skólastefnan byggir á lögum og reglugerðum um skólahlald. Markmið með henni er að draga fram þau atriði sem samfélagið vill hafa í brennidepli varðandi uppeldi og menntun. Skólastefnan er þannig leiðarvísir um skólastarfið og er hún unnin af starfshópum sem samanstóðu af foreldrum, starfsmönnum skólanna og sveitarstjórnarmönnum, sem höfðu til hliðsjónar gildandi lög og reglugerðir ásamt niðurstöðum skólaþings, sem haldið var á Hellu í mars 2007.

Áhersla er lögð á öflugt og metnaðarfullt skólastarf, viðtæka samvinnu í skólamálum og einstaklingsmiðaða kennsluhætti þar sem nemandinn er hafður í brennidepli. Það er stefna sveitarfélaganna að húsnæði og aðbúnaður skólastofnana séu í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til uppeldisstofnana í nútímasamfélagi.

Í Rangárþingi ytra eru starfræktir tveir einsetnir grunnskólar, Grunnskólinn á Hellu og Laugalandsskóli. Auk þess eru starfræktir tveir leikskólar, Heklukot á Hellu og Leikskólinn á Laugalandi. Skólarnir á Laugalandi eru í sama húsnæði og eru starfræktir í samstarfi við Ásahrepp. Sveitarfélögin reka einnig Tónlistarskóla Rangæinga í samstarfi við Rangárþing eystra.

Skólahverfi Grunnskólans á Hellu nær yfir svæðið frá mörkum sveitarfélagsins í austri að Ytri-Rangá í vestri. Auk þess teljast Þykkvibær, og bæirnir í Bjóluhverfi og á Ægissíðu til skólahverfisins. Skólahverfi Laugalandsskóla nær yfir svæðið frá mörkum sveitarfélagsins í vestri að Ytri-Rangá í austri að undanskildum þeim hluta er tilheyrir skólahverfi Grunnskólans á Hellu. Ásahreppur tilheyrir skólahverfi Laugalandsskóla.

Fyrir flutningi nemenda milli skólahverfa skulu liggja ríkar félagslegar ástæður. Slíkar óskir þurfa að fara fyrir fræðslunefnd sveitarfélagsins, sem getur sótt sér sérfræðiálit um málið. ~~Sveitarfélögin eru aðilar að rekstri Skólaskrifstofu Suðurlands, sem veitir skólum sveitarfélagsins sérfræðipjónustu skv. lögum.~~

Tónlistarskóli Rangæinga (TR) er með starfstöð á Hellu og einnig á Laugalandi þar sem hann samnýtir húsnæði með grunn- og leikskóla.

TR býður grunnskólunum að annast forskólakennslu í tónlist þar sem öllum nemendum 2. – 4. bekkjar býðst grunnám í hljóðfæraleik nemendum að kostnaðarlausu. TR sér einnig um tónlistarkennslu leikskólabarna í samstarfi við leikskólana. Auk þess er það hlutverk tónlistarskólans að bjóða upp á einstaklingskennslu í hljóðfæraleik skv. gjaldskrá TR.

Leiðarljós skólanna í sveitarfélögunum eru:

Virðing – jafnrétti – umhyggja – samstaða – samkennd

Hlutverk skóla í sveitarfélögunum er:

Að veita öllum nemendum jafnan rétt til góðrar menntunar við hæfi hvers og eins svo þeir verði ábyrgir og færir þjóðfélagsþegnar sem geti tekið virkan þátt í þróun eigin samfélags og stundað frekara nám. (Arndís)

Framtíðarsýn / Leiðarljós? Eru þetta kannski frekar hlutverk? Eftir umorðun.

Á ekki hlutverkið að vera e-ð stutt (Arndís)

- Sveitarfélögin ætla að vera meðal þeirra sveitarfélaga sem eru í fararbroddi varðandi aðbúnað og kennslu leik- og grunnskólabarna þar sem þarfir barna og ungmenna, s.s heilbrigði, vellíðan og lífshamingja, eru hafðar að leiðarljósi.
- Sveitarfélögin vilja byggja á gömlum og góðum grunni hefðar í skólamálum en um leið vera framsækin og tileinka sér spennandi nýjungar í skólastarfi sem eru til þess fallnar að styrkja og efla starfið á hverjum tíma.
- Starf skólanna á að endurspeglai grunngildi lýðræðislegs samfélags þar sem höfð er í heiðri gagnkvæm virðing, jafnrétti, umhyggja, samstaða og samkennd. Þessi liður ætti þá að vera óþarfur, eða hvað? (Arndís)
- Byggt er á jöfnum tækifærum til náms og þroska hvers einstaklings og stuðlað sé að metnaði.
- Markvisst skal stuðlað að virkri þátttöku foreldra í skólasamfélaginu.
- Sveitarfélögin vilja laða að hæft og vel menntað starfsfólk í skólana og hvetja það til starfsþróunar.
- Stefnt skal að því að leikskólarnir/sveitarfélögin bjóði upp á leikskólavistun fyrir börn frá 12 mánaða aldri.

MLeiðarljós/markmið skólanna og leiðir til að ná þeim (Arndís):

Nemandinn í brennidepli:

Öll börn innan sveitarfélaganna sem eru á leik- og grunnskólaaldri eiga jafnan rétt á skólagöngu óháð þroska þeirra og getu. Til að stuðla að því eru eftirfarandi þættir hafðir að leiðarljósi ásamt því að skólanámskrá hvers skóla útlistar nánar sínar eigin leiðir t.d. með því:

- ~~að nota fjölbreytta og einstaklingsmiðaða kennsluhætti.~~
- að bjóða upp á fjölbreytt nám við hæfi allra nemenda og nota einstaklingsmiðaða kennsluhætti.
- að sama námsframboð sé í boði á öllum starfsstöðvum TR.
- að skóladagur grunnskólanemenda sé samfelldur
- að grunnskólanemendum á yngsta stigi í Grunnskólanum á Hellu sé boðið upp á skóladagvistun eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur.
- að stuðla að góðri félags- og samskiptahæfni nemenda.
- Að vinna með markvissum hætti að eflingu sjálfsvirðingar og sjálfsábyrgðar nemenda (Arndís)

- að ýta undir skapandi hugsun og sjálfstæði einstaklinga.
- að nemendur tileinki sér lýðræðisleg vinnubrögð og geti þannig haft áhrif á málefni sem snerta þá beint.
- að hafa jafnrétti að leiðarljósi.
- Að efla virðingu og ábyrgðarkennd nemenda fyrir umhverfi sínu með virkri þátttöku í umhverfisverkefnum. (Arndís)
- að boðið sé upp á hollt og næringarríkt fæði skv. markmiðum Lýðheilsustöðvar.
- að stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan nemenda.
- Að nemendur fái fjölbreytt tækifæri til daglegrar hreyfingar og útiveru
- Að nemendur taki þátt í að móta sér heilbrigðan lífsstíl til framtíðar. (Arndís)
- að veita nemendum þá sérfræðipjónustu sem þörf er á hverju sinni.
- að stuðla að virkni í námi og leik sem leiðir til ábyrgðar.
- að hvetja börn og unglinga til frekari menntunar til að búa þau undir framtíðina.
- að starfsfólk skólanna sé góðar fyrirmyndir og stuðli að heilbrigðum viðhorfum.
- ART?
- Að unnið sé markvisst gegn einelti. (Arndís)

Skólahúsnæði og aðbúnaður:

Aðbúnaður skal ávallt vera í samræmi við lög og reglugerðir og taka mið af áherslum í skólastarfi hvers skóla. Þessu hyggjast sveitarfélögin ná með því:

- að skólahúsnæði sé vel hannað, taki mið af innra starfi skólans og rúmi vel þá starfsemi sem viðkomandi skóli sinnir, s.s. kennslu, leik, námi, félagsstörfum, sérfræðipjónustu og mótuneyti.
- að skólunum séu tryggð nauðsynleg námsgögn og kennslutæki svo að hægt sé að uppfylla kröfur aðalnámskráa og skólanámskráa.
- Að skólunum séu tryggð nauðsynleg tæki til að nýta upplýsingatækni við kennslu í takt við framtíðarþróun í margmiðlun. (Arndís)
- Að starfsumhverfi kennara sé öruggt og áhugavert og veiti tækifæri til þróunar í starfi. (Arndís)
- að skólalóð sé vel og tryggilega afmörkuð og að við hönnun hennar sé tekið mið af þeim aldurshópum sem nýta sér leiksvæðin.
- að hver nemandi sé ekki lengur en klukkutíma samfelt í skólabíl á leið til eða frá skóla og að skólabílar uppfylli þær kröfur sem til þeirra eru gerðar skv. reglugerð.
- að öryggis sé gætt í öllu skóla- og frístundastarfi og hugað sé að forvarnargildi þess starfs sem unnið er.
- að skólunum séu tryggð nauðsynleg tæki til að nýta upplýsingatækni við kennslu.

Sjálfstæði skólanna:

Starf skólanna er bæði faglega og fjárhagslega á ábyrgð skólastjórnenda. Sjálfstæði skólanna verður tryggt með því:

- að hver skóli móti eigin stefnu sem fellur að skólafélagannasins.
- að hver skóli hafi sterka og faglega forystu.
- að hver skóli stuðli að þróunarstarfi og sé opinn fyrir fjölbreyttri hugmyndafræði.
- að hver skóli laði að vel menntað, hæft og metnaðarfullt starfsfólk og tryggi símenntun allra starfsmanna skv. símenntunaráætlun. Leggja skal áherslu á góðan starfsanda, starfsánægju og góða samvinnu starfsmanna.
- Að hver skóli nýti mannauð sinn á markvissan hátt. (Arndís)
- að hver skóli leysi sjálfur þau viðfangsefni sem upp koma í daglegu skólafarfi.
- að hver skóli efli umhverfisvitund nemenda með áherslu á sögu, menningu og náttúruferir heimahéraðs.
- að hver skóli meti reglulega starfshætti sína, árangur í starfi og vinnubrögð og tryggi þannig þróun í skólafarfi og sendi niðurstöður til fræðslunefndar til upplýsinga.
- að hver skóli setji fram markmið og aðgerðaráætlanir um framkvæmd skólafarfnunnar –umbótaáætlanir???

Samstarf skóla og skólastiga:

Stuðla skal að öflugum samstarfi milli skóla og skólastiga með eftirfarandi hætti:

- að leggja áherslu á samvinnu leik- og grunnskóla sem byggir á forsendum beggja skólastiga, bæði félagslega og faglega með gagnkvæmum heimsóknum, fundum og símenntun.
- að efla samstarf tónlistarskóla við ofangreind skólastig með gagnkvæmum fundum og kynningum og samræmdu námsmáti.
- að efla samstarf grunnskóla og framhaldsskóla faglega t.d. með reglulegum faggreinafundum og með reglulegum kynningum á námsframboði og fyrirkomulagi framhaldsskólanna.
- að grunnskólanemendum sem bundnir eru af skólaakstri sé gert kleift að ljúka tónlistarnámi sínu á starfstíma skóla.
- Hvað með samstarf milli grunnskólanna tveggja?
- Hvað með samstarf milli leikskólanna tveggja?

Athugasemd [HK1]: Hér er talað um samstarf milli skóla en svo er það ekki í pkt.

Samfélag/heimili og skóli:

Stefnt er að því að efla samskipti skóla og samfélags með eftirfarandi hætti:

- að skólar stuðli að því að skólafarfið verði sýnilegt íbúum sveitarfélaganna og öðrum þeim sem hafa áhuga á því.
- að skólarnir hafi frumkvæði að foreldrasamstarfi og gefi foreldrum kost á að hafa áhrif á skólafarfið, s.s. í foreldrafélagi, með skólaráði og foreldraráði.
- ~~að vinna að forvarnarmálum.~~
- að stuðla að samfelli í skóla-, íþrótt- og æskulýðsstarfi.
- að stuðla að samstarfi milli skóla og atvinnulífs og skóla og félagasamtaka.
- að virkt forvarnarstarf sé markviss hluti starfsins sem unnið er í samstarfi skóla, frístundar, heilsugæslu og lögreglu.
- að foreldrar upplýsi skólastofnanir um atriði er varða nám og skólagöngu barna

Sveitarfélögin og skóli:

Sveitarfélögin stefna að því:

- að tryggja að ákvæðum grunn- og leikskólalaga sé fylgt í sveitarfélögunum.
- að tryggja nægilegt fjármagn til þess að skólastefnan nái fram að ganga.
- að setja sér markmið sem styður stjórnendur skólanna og annað starfsfólk í viðleitni þeirra til að þróa skólastarf til framtíðar (*Þróunarsjóð?*)
- að vekja athygli á og umbuna einstaklingum og/eða hópum fyrir gott framlag.
- að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs.

Athugasemd [MHJ2]: Hvað er þetta?

Stefnt er að endurskoðuna skólastefnunna á þriggja ára fresti

